

ÁRSSKÝRSLA SAMFOK 2017

SAMTÖK FORELDRA GRUNNSKÓLABARNA Í REYKJAVÍK



©ATARNA

ALLIR MEÐ – tölum saman um skólamenningu á Íslandi

Aðalfundur SAMFOK 2018
haldinn miðvikudaginn 23. maí 2018 í Foldaskóla

Útgefandi: SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík
Háaleitisbraut 13, 2. hæð
108 Reykjavík

Ritstjórn: Birgitta Bára Hassenstein og Sigríður Björk Einarsdóttir

Mynd á forsíðu: ATARNA, Kristín María Ingimarsdóttir

Myndir í ársskýrslu: SAMFOK, Freyja Filmworks, Heimili og skóli

Ábyrgðarmaður: Birgitta Bára Hassentein

Prentun: Prentsmiðjan Litlaprent

EFNISYFIRLIT

Inngangur

- 1. Stjórn, fulltrúar og framkvæmdastjóri**
 - 1.1. Stjórn
 - 1.2. Starfsmenn
 - 1.3. Stjórnar- og framkvæmdarstjórnarfundir
 - 1.4. Áheyrnarfulltrúi foreldra
 - 1.5. Fulltrúaráð
- 2. Starfsemi og rekstur 2017**
 - 2.1. Húsnæði
 - 2.2. Félagsaðild
 - 2.3. Árgjald
 - 2.4. Styrkir
 - 2.5. Samstarfssamningur
- 3. Árleg verkefni 2017**
 - 3.1. Ráðgjöf og upplýsingar
 - 3.2. Þjónusta við skólasamfélögin, fræðsla og námskeið
 - 3.3. Samráðsvettvangur foreldra
 - 3.4. Vinnuhópar SAMFOK
 - 3.5. Fjöregg SAMFOK
 - 3.6. Foreldrar og forvarnir
- 4. Helstu áherslur og verkefni SAMFOK 2017**
 - 4.1. Samræmd próf
 - 4.2. Skóli án aðgreiningar
 - 4.3. Myndbandagerð –lögbundin félög og ráð í grunnskólum
 - 4.4. ALLIR MEÐ – Tölum saman um skólamenningu á Íslandi
 - 4.5. Heimasíða
 - 4.6. Erindi, umsagnir og ályktanir – áskoranir.
 - 4.7. Stefnumótun SAMFOK í tilefni 35 ára afmælis 2018
- 5. Samstarf 2017**
 - 5.1. Starfshópar Reykjavíkurborgar
 - 5.2. Aðrir starfshópar
 - 5.3. Annað samstarf, þátttaka í ráðstefnum og fundum
 - 5.4. Samstarfsaðilar
- 6. Áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna í skóla- og frístundaráði**
 - 6.1. Hlutverk áheyrnarfulltrúa
 - 6.2. Málfrælsi, tillögur og opinber gögn
- 7. Þakkir**
- 8. Lokaorð**

Lög SAMFOK

INNGANGUR

Allt frá stofnun SAMFOK árið 1983 hefur starf samtakanna snúist um að styðja við foreldrastarf í grunnskólum Reykjavíkur og hvetja foreldra til virkrar þátttöku. Markmið samtakanna eru að standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska, beita sér fyrir auknum áhrifum á skólastarf, vera sameiginlegur málsvari foreldra gagnvart stjórnvöldum, efla samstarf aðildarfélaganna og annast sameiginleg mál. SAMFOK hefur um árabil boðið upp á vettvang fyrir fræðslu og samstarf foreldra og foreldrafélaga og haldið á lofti áherslum foreldra gagnvart fræðslufirvöldum. Samtökin eru sjálfstæður málsvari foreldra og verða að vera óhrædd við að gagnrýna það sem miður fer og benda á atriði sem þarfnast úrbóta. Enda er það sameiginlegt markmið okkar allra að hlúa sem best að námi og velferð barna, uppeldi þeirra og menntun.

SAMFOK eru aðilar að fulltrúaráði Heimilis og Skóla, landssamtökum foreldra. Samtökin veita umsagnir og taka árlega þátt í stefnumótun, samráði og verkefnum á vegum annarra félagasamtaka, forvarnarhópa, ríkis og Reykjavíkurborgar. Samstarfið við Reykjavíkurborg er þó lang umfangsmest.

Allt frá stofnun hafa fræðslufirvöld í Reykjavík sýnt samtökunum mikið traust, m.a. með gerð styrktar- og samstarfssamninga um ákveðin verkefni sem hefur gert samtökunum kleift að vera með starfsmann í hlutastarfi frá árinu 1998.

SAMFOK tryggir að réttkjörinn fulltrúi foreldra grunnskólabarna sitji hálfsmánaðarlega fundi skóla- og frístundaráðs og að fulltrúar foreldra grunnskólabarna taki sæti í starfshópum borgarinnar þegar eftir því er leitað.

Framlag SAMFOK felst þannig að stórum hluta í því að taka þátt í stefnumótun borgarinnar, þegar þess er óskað og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við yfirvöld. SAMFOK veitir auk þess skólasamfélögum í Reykjavík fræðslu, ráðgjöf og þjónustu.

Stjórnarmenn SAMFOK eru oftast fulltrúar foreldra í sínu skólasamfélagi, sitja í stjórnnum foreldrafélaga eða skólaráðum sem leggja á sig mikla vinnu í þágu samtakanna, foreldra og skólastarfs í borginni. Þessi góða tenging við skólasamfélögin er mjög dýrmæt.

Árskýrsla SAMFOK 2017 miðast við almanaksárið, í samræmi við ársreikninginn. Þetta fyrirkomulag gefur vonandi gott yfirlit yfir starfsemi félagsins, árleg störf og helstu verkefni.

1. STJÓRN, FULLTRÚAR OG STARFSMAÐUR SAMFOK

1.1. STJÓRN SAMFOK

Ný stjórn SAMFOK var kosin á aðalfundi samtakanna í Fellaskóla 5. apríl 2017. Á aðalfundinum komu tveir nýir fulltrúar til liðs við stjórnina; þær Eydís Njarðardóttir og María Sastre. Þær voru sjálfkjörnar, engin mótframboð bárust. Sólrún Aspar gekk úr stjórn eftir 4 ára setu. Í byrjum árs 2017 sagði Sigríður Björk Einarsdóttir sig úr stjórn þar sem hún tók að sér starf framkvæmdastjóra SAMFOK. Síðar um veturinn 2017 sagði Kristín Helgadóttir varaformaður sig frá störfum vegna anna.

Kjörnir skoðunarmenn eru Sigurlaug Hauksdóttir og Jón Hólmgeir Steingrímsson

Stjórn SAMFOK 2017-18:

Birgitta Bára Hassenstein, formaður stjórnar

Fyrrum formaður og skólaráðsfulltrúi í Austurbæjarskóla

Kristín Helgadóttir, varaformaður

Fyrrum formaður Foreldrafélags Árbæjarskóla

Guðlaug Karlsdóttir, meðstjórnandi

Foreldri í Húsaskóla, skólaráðsfulltrúi í Foldaskóla

María Sastre, meðstjórnandi


Foreldrafélagi Hólabrekkuskóla

Eydís Njarðardóttir, meðstjórnandi

Formaður Foreldrafélags Háteigsskóla

Vassanta Idmont, varamaður

Foreldri í Ísaksskóla



1.2. FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMFOK

Bryndís Jónsdóttir framkvæmdastjóri SAMFOK lét af störfum 15. janúar 2017. Sigríður Björk Einarisdóttir var ráðin í hlutastarf, frá 1. janúar til 1. september 2017. Sigríður Björk (Sirrý) er með BA og MA gráður í bókasafns- og upplýsingafræði, hún hefur verið í doktorsnámi og starfað jafnframt sem aðjúnk við Háskóla Íslands. Sirrý hefur verið virk í félagsstarfi í tengslum við menntun og velferð barna. Hún er fyrrum formaður Foreldrafélags Hólabrekkuskóla, sat í skólaráði Hólabrekkuskóla og síðar í stjórn SAMFOK. Sigríður Björk var ráðin í fullt starf vorið 2018.



1.3. STJÓRNAR- OG FRAMKVÆMDA STJÓRNARFUNDIR.

Stjórnarfundir voru haldnir mánaðarlega á árinu 2017, nema í júlí. Starfsáætlun 2017-18 og helstu áherslur í starfi voru samþykktar á fundi stjórnar í október. Sérstök stefnumótunarhelgi var haldin í lok október. Framkvæmdastjórn SAMFOK (formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri) hittast á milli funda til að fylgja eftir ákvörðunum stjórnar, eða eins og þurfa bykir.

1.4. ÁHEYRNARFULLTRÚI FORELDRA


Birgitta Bára Hassenstein er áheyrnarfulltrúi grunnskólaforeldra í skóla- og frístundaráði. Áheyrnarfulltrúinn er skipaður af stjórn og skv. lögum SAMFOK skal hann koma úr stjórn eða framkvæmdastjórn SAMFOK. Áheyrnarfulltrúi hefur málfrelsi og tillögurétt á ráðsfundum, en ekki atkvæðisrétt. Fundir skóla- og frístundaráðs hafa verið haldnir annan hvern miðvikudag frá 11.00 – 15.00 í Borgartúni. Nokkrum sinnum á ári flytur ráðið fundi sína út í skólana og kynnir sér starfið á hverjum stað, þá eru fundirnir aðeins lengri. Á árinu 2017 fundaði ráðið í 8. febrúar í Klettaskóla og 9. ágúst í Brúarskóla.



Skóla- og frístundaráð fékk kynningu á starfinu í Klettaskóla

1.5. FULLTRÚARÁÐ

Formenn foreldrafélaga grunnskóla í Reykjavík og skólaráðsfulltrúar foreldra skipa fulltrúaráð SAMFOK. Ráðið er kallað saman a.m.k. tvisvar á ári, einu sinni að hausti og svo aftur að vori í tengslum við aðalfund. Boðað er til auka fulltrúaráðsfunda ef þurfa þykir. Fulltrúaráð SAMFOK er tengiliður SAMFOK við grunnskólana. Fundir ráðsins eru vettvangur foreldra til að miðla reynslu og þekkingu og að heyra hvað brennur á grunnskólaforeldrum. Fésbókarhópur fulltrúaráðs SAMFOK hefur síðan auðveldað upplýsingaflæði og skoðanaskipti. Þar skapast líka vettvangur til að fá stuðning og hugmyndir hver frá öðrum, án milligöngu SAMFOK.



Skóli án aðgreiningar, glæra Kristín Björnsdóttir, dósent H.Í.

Þann 5. apríl var boðað til fulltrúaráðsfundar í Fellaskóla í tengslum við aðalfund SAMFOK. Umfjöllunarefnið var Skóli án aðgreiningar – menntun fyrir alla? Haldin voru 3 erindi og svo umræður þar sem foreldrum gafst tækifæri til að deila reynslu og þekkingu og skoðun á skólastefnunni skóla án aðgreiningar. Markmiðið var að búa til vettvang þar fyrir foreldra til að ræða skilning okkar á stefnunni og hvað felst í menntun fyrir alla.



Fulltrúaráðsfundur í Fellaskóla.

Fulltrúaráðsfundur að hausti var haldinn 16. nóvember á Háaleitisbrautinni. Við það tækifæri kynnti framkvæmdastjóri SAMFOK stutt vinnu við stefnumótun og drög að framtíðarsýn samtakanna, síðan tóku við umræður hvað væri eftst á baugi út í skólasamfélögunum. Eftir hlé komu síðan góðir gesti frá Vogaskóla með kynningu á STEFNUmóti sem haldið hefur verið í Vogaskóla.

2. STARFSEMI OG REKSTUR 2017

2.1. HÚSNÆÐI

SAMFOK er með skrifstofu á Háaleitisbraut 13, 2. hæð og leigir skrifstofu af Sjónarhóli. SAMFOK hefur aðgang að góðum fundarsal á efstu hæð. Á skrifstofu SAMFOK eru veittar almennar upplýsingar og ráðgjöf um samskipti og samstarf foreldra og skóla, skólagöngu, nám og velferð barna.

Móðurmál, samtök um tvítýngi deilir nú skrifstofu með SAMFOK. Á árinu 2017 gerði SAMFOK samstarfssamning við Móðurmál, samtök um tvítýngi, sem felur í sér afnot Móðurmáls af skrifstofu SAMFOK gegn framlagi Móðurmáls í verkefninu ALLIR MEÐ – tölum saman um skólamenningu á Íslandi. Lokið var við endurskipulagningu og komið upp lágmarks fundaraðstöðu á skrifstofu. Haldið var áfram að taka til í gögnum SAMFOK, sem eru allt frá 1983 með það að markmiði að skila inn til skjalasafns Reykjavíkur, eins og lög gera ráð fyrir.

Leigusaliinn Sjónarhóll er sjálfseignarstofnun. Í húsinu eru m.a. ADHD samtökin, Landsamtökin Þroskahjálp, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Umhyggja og Barnaheill. Í húsinu fer því fram umfangsmikil ráðgjöf og upplýsingagjöf til foreldra.



Húsnæði Sjónarhóls, þar sem SAMFOK leigir aðstöðu.

2.2. FÉLAGSAÐILD

Félagsaðild að SAMFOK er skilgreind í lögum félagsins. Rétt til aðildar eiga foreldrafélög í grunnskólum Reykjavíkur og í gegnum þau allir foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík. Foreldrar eiga þannig sjálfkrafa aðild að SAMFOK í gegnum foreldrafélög grunnskólanna. Ekki er haldin félagaskrá, en skrá yfir fulltrúaráð SAMFOK er uppfærð árlega. Allir foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík eiga rétt á setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétt. Skv. lögum félagsins um vægi atkvæða hafa foreldrar í hverjum grunnskóla tvö atkvæði á aðalfundi, eitt frá hverju foreldrafélagi og eitt frá hverju skólaráði.

2.3. ÁRGJALD

SAMFOK innheimtir ekki félagsgjöld, en foreldrafélög í Reykjavík greiða árgjald sem ákveðin eru á aðalfundi. Ekki hefur verið gengið hart á eftir að foreldrafélögin greiði árgjöldin enda misvel fjármögnuð. Árgjöldin nema sjaldnast meira en 2-3 % af árl. heildartekjum samtakanna.

2.4. STYRKIR

SAMFOK sækir reglulega um styrki til einstakra verkefna sem samræmast tilgangi samtakanna og áherslum. Einkum hefur verið sótt um styrki til forvarna- og fræðsluverkefna. Á árinu 2017 fengum við samþykktan 250 þús. króna styrk frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að ljúka við gerð myndbands um foreldrafélög í samvinnu við Heimili og skóla. Ekki var sótt um styrki til nýrra verkefna, heldur einblínt á að hefja fræðsluverkefni með fókus á erlenda foreldra, ALLIR MEÐ – tölum saman um skólamenningu á Íslandi og ráðstafa styrkjum sem SAMFOK fékk úthlutað á árunum 2015-16 til þess verkefnis; Forvarnarsjóður Reykjavíkurborgar 2015, Þróunarsjóður innflytjenda (velferðarráðuneytið) 2015 og mannréttindaráð Reykjavíkurborgar, jan. 2016. En SAMFOK taldi mikilvægt á sínum tíma að fá stuðning frá fleiri sviðum borgarinnar og frá ríkinu til þessa umfangsmikla samstarfs um fræðsluverkefnið.

2.5. SAMSTARFSSAMNINGUR

Fræðslufirvöld í Reykjavík hafa frá stofnun samtakanna árið 1983 veitt samtökunum bæði faglegan og fjárhagslegan stuðning. Frá árinu 1998 hefur þessi stuðningur gert samtökunum kleift að vera með starfsmann í hlutastarfi. Árið 2008 þegar ný grunnskólalög voru samþykkt var undirritaður langtímasamningur til þriggja ára. Árið 2013 var gerður samstarfssamningur sem gildi til ársloka 2017. Samningur upp á 8 milljón króna fjárframlag árlega. Nýlega hefur verið samþykktur samstarfssamningur til þriggja ára eða til ársloka 2020. Hann hljóðar upp á 10 milljón króna árlegt fjárframlag. Markmið með samstarfssamningnum er að styrkja starf grunnskólanna í Reykjavík á jákvæðan hátt með öflugu og góðu samstarfi foreldra og skóla. Verkefni SAMFOK á grundvelli styrksins eru sérstaklega tiltekin í samstarfssamningnum. Þar er einnig kveðið á um verkefni sem Skóla- og frístundasvið og SAMFOK eiga í samstarfi um.

3. ÁRLEG VERKEFNI

3.1. RÁÐGJÖF OG UPPLÝSINGAR

SAMFOK veitir foreldrum upplýsingar og ráðgjöf í gegnum síma, tölvupóst og á skrifstofu. SAMFOK leiðbeinir foreldrum um hlutverk þeirra og ábyrgð í skólasamfélaginu og hvert má leita varðandi úrlausn einstakra mála. Mjög misjafnt er hversu mörg mál koma á borð SAMFOK á hverjum tíma. SAMFOK fær ýmist einfaldar fyrirspurnir sem snúa að líðan barna og námi. Einnig berast þyngri og erfiðari mál þar sem foreldrar eru komnir í þrot og leita stuðnings og/eða leiðbeiningar vegna neikvæðra samskipta við skólann, skorts á þjónustu við börn með sérþarfir eða eineltis svo eitthvað sé nefnt. Foreldrafélög leita upplýsinga vegna skipulagningar starfs síns, fá ábendingar um fræðsluerindi en einnig vegna samskipta við skólastjórnendur svo eitthvað sé nefnt.

3.2. ÞJÓNUSTA VIÐ SKÓLASAMFÉLÖGIN

Árlega býður SAMFOK upp á námskeið fyrir fulltrúa foreldra, á haustin og svo aftur í janúar/febrúar. Þetta eru að jafnaði námskeið fyrir bekkjarfulltrúa, stjórnir foreldrafélaga og skólaráðsfulltrúa. Markmið námskeiðanna er að efla og stuðla að góðu samstarfi foreldra og skóla um nám og velferð barna, og að foreldrar fái hlutdeild í að móta bekkjar- og skólabraginn. Námskeiðin eru haldin á Háaleitisbraut á 4. hæð. Námskeiðin eru mikilvæg tenging SAMFOK við grasrótina, foreldra og starfið út í skólunum. Þess utan fer framkvæmdastjóri SAMFOK úti í skólanna og heldur námskeið ef eftir því er óskað. Þá eru það oftast fulltrúar foreldrafélaganna sem hafa samband. Á árinu hefur verið aukin eftirspurn eftir námskeiðum fyrir bekkjarfulltrúa og stjórnir foreldrafélaga sem er mjög ánægjulegt.



Námskeið hjá SAMFOK

3.3. SAMRÁÐSVETTIVANGUR FORELDRA

Fulltrúaráðsfundur SAMFOK, sem haldnir eru að lágmarki tvisvar á ári, eru samráðsvettvangur foreldrafélaga í Reykjavík. Á þessum fundum fer fram gagnkvæm miðlun reynslu og þekkingar, mikilvæg jafningjafræðsla. Í hópastarfi er fulltrúum oft skipt niður eftir hverfum til að efla tengsl innan skólahverfa. Á árinu 2017 er staðan sú að foreldrafélög í flestum hverfum eiga í góðu samstarfi innan hverfa, við teljum það megi m.a. þakka áherslum SAMFOK sem hafa stóðu fyrir sérstökum námskeiðum í einstökum hverfum til að koma á betri tengslum milli félaganna. SAMFOK hefur ávallt hvatt félögin til að skilgreina sameiginleg verkefni og skapa sinn eigin samstarfsvettvang innan hverfa.

SAMFOK er aðili að fulltrúaráði Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra sem bjóða upp á mikilvæg tækifæri til samstarfs við önnur svæðasamtök foreldra. Í fulltrúaráðinu koma saman fulltrúar foreldra af öllu landinu og áheyrnarfulltrúar foreldra í sveitastjórnnum. Fyrri fulltrúaráðsfundurinn, sem haldinn var í Hraunavallaskóla, fjallaði um læsimál.



Fulltrúar SAMFOK á fulltrúaráðsfundi Heimilis og skóla í mars 2017

Síðari fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla var haldinn 3. nóv 2017 og tóku fulltrúarnir í framhaldi þátt í ráðstefnu Heimilis og skóla og félags áhugafólks um skólaþróun um samstarf heimila og skóla í Hlégarði.

3.4. VINNUHÓPAR SAMFOK

SAMFOK myndar reglulega vinnuhópa í samræmi við langtíamarkmið og áherslur stjórnar. Á árinu voru að störfum tveir vinnuhópar vegna myndbandagerðar, annars vegar um foreldrafélög og svo um skóla- og frístundastarf, hópur vegna „ALLIR MEÐ – tölum saman um skólamenningu á Íslandi“, Þrýstihópur um bætta þjónustu fyrir börn í samstarfi við félögin í húsinu og myndaður var samstarfshópur um verkefnið „Börn og fátækt“ sem kemur til framkvæmda haustið 2018.

3.5. FJÖREGG SAMFOK 2017

Fjörgg SAMFOK hefur verið veitt þeim sem hefur, að mati stjórnar SAMFOK, unnið frábært starf í þágu grunnskólabarna í Reykjavík

Á aðalfundi SAMFOK þann 5. apríl 2017 í Fellaskóla var Bryndís Jónsdóttir fyrrum framkvæmdastjóra SAMFOK afhent Fjörgg SAMFOK fyrir ómetanlegt framlag sitt til grunnskólaforeldra í Reykjavík.

Í starfi sínu sem framkvæmdastjóri SAMFOK hefur Bryndís verið ómetanlegur stuðningur fyrir grunnskólaforeldra, hún hefur ljáð foreldrum eyra í erfiðum málum og ávallt verið lausnamiðuð í sinni nálgun. Hún hefur haldið námskeið, tekið virkan þátt í stefnumótunarvinnu Reykjavíkurborgar, setið í ótal starfshópum og sem áheyrnarfulltrúi grunnskólaforeldra í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur. Bryndís hefur sinnt þessum fjölbreyttum störfum af einstakri samviskusemi og ávallt með hjartað á réttum stað, hvað er barninu fyrir bestu.



Kristín Helgadóttir, varaformaður SAMFOK, Birgitta Bára Hassenstein formaður SAMFOK og Bryndís Jónsdóttir við afhendingu fjörggsins 2017.

3.6. FORELDRAR OG FORVARNIR

SAMFOK á fulltrúa í SAMAN-hópnum. Eitt helsta markmið hópsins er að styðja og styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu, minna á útivistarreglur og 18 ára ábyrgð foreldra á börnum sínum. Enn fremur að hvetja foreldra til að vera á verði á þeim tímamótum þar sem líklegt er að börn hefji neyslu áfengis og annarra vímuefna. Fulltrúar hópsins eru tæplega tuttugu talsins frá opinberum aðilum og félagasamtökum, sjá <http://www.samanhopurinn.is/>.

Á námskeiðum SAMFOK fá foreldrar fræðslu um mikilvægi þess að leggja áherslu á að efla bekkjaranda og skólabrag í samstarfi við skólann enda hefur slík samvinna ótvírætt forvarnargildi. Foreldraröltið hefur verið kynnt, bæði á námskeiðum og á fundum í skólunum. Í öllu starfi SAMFOK er lögð áhersla á að forvarnir byrji heima og foreldrar séu lykilaðilar í öllu forvarnastarfi. Hvatt er til eflingar tengslanets foreldra með því að halda reglulega samráðsfundi

fyrir foreldra, innan bekkjardeilda, árgangs eða skólans í heild. Það hefur ótvírætt forvarnargildi og er mjög mikilvægur hluti af starfi stjórna foreldrafélaga og bekkjarfulltrúa. Forvarnir koma einnig inn á borð hjá skólaráðunum í gegnum forvarnaráætlanir skólanna.



4. HELSTU ÁHERSLUR OG VERKEFNI SAMFOK 2017

4.1. SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

Í lok árs 2016 voru gerðar breytingar á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla þar sem framhaldsskólum var veitt heimild til að líta til niðurstaða samræmdra prófa ef velja þyrfti úr stórum hópi umsækjenda. Einnig var gerð breyting á kafla aðalnámskrár sem lýtur að útskrift nemenda áður en 10 ára skyldunámi lýkur. Í mars 2017 var kynnt reglugerð um framkvæmd og fyrirlögn samræmdra prófa þar sem kemur fram að menntamálastofnun sé m.a. "ekki skylt að að birta prófaatriði samræmdra

könnunarprófa hverju sinni enda séu þau endurnýtt við að þróa prófabanka". SAMFOK tók þátt í samráðsfundum á vegum menntamálaráðuneytisins þessu tengt, sendi inn áskorun, greinagerð, og að lokum erindi þar sem óskað er eftir að ráðuneytið leiðrétti nýlega reglugerð um fyrirlögn og framkvæmd samræmdra prófa þannig að réttur foreldra og nemenda til að skoða metin verkefni sé virtur í samræmi við 27. gr. grunnskólalaga. Þetta er aðgengilegt á heimasíðu SAMFOK.

4.2. SKÓLI ÁN AÐGREININGAR

Í byrjun árs kom svar frá Skóla- og frístundasviði við margliða fyrirspurn SAMFOK um framkvæmd skóla- stefnunnar um skóla án aðgreiningar. SAMFOK hefur lengi haft áhyggjur af því að ákvæði laga um skóla án aðgreiningar séu ekki uppfyllt í grunnskólum borgarinnar. Skortur hafi verið á sérfræðipjónustu, stuðningsfólki og sérkennurum, forföll vegna álags eru mikil og samtökunum berast reglulega fregnir af börnum sem ekki eru að fá viðeigandi þjónustu eða stuðning. Svárið nýttist vel inn í starfið á árinu.

Fulltrúaráðsfundur SAMFOK þann 5. apríl fjallaði um Skóla án aðgreiningar – menntun fyrir alla? Sigríður Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOK hélt erindið “Hvernig gengur okkur að starfa eftir stefnunni, skóli án aðgreiningar?” þar sem hún kynnti í stuttu máli niðurstöðu úttektar Evrópumíðstöðvarinnar. Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, skólastjóri Fellaskóla – Handhafa minningarverðlauna Arthúrs Morthens 2017, fjallaði um Skóla án aðgreiningar í Fellaskóla. Og Kristín Björnsdóttir, dósent og Katrín Guðrún Tryggvadóttir, dagskrágerðarkona og háskólanemi fluttu erindið Að tilheyra skólum án aðgreiningar. Eftir erindin voru umræður þar sem foreldrum gafst tækifæri til að deila reynslu og þekkingu og skoðun á skólastefnunni skóla án aðgreiningar. Markmiðið var að búa til vettvang þar sem við getum rætt skilning okkar á stefnunni og hvað felst í menntun fyrir alla. Fundarstjóri var Ingvar Sigurgeirsson, prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Á árinu 2017 hélt SAMFOK áfram vinnu með þrýstihópi um bættu þjónustu við börn, sem samanstendur af fjölmörgum öðrum félaga- samtökum sem starfa að málefnum barna. Þar má nefna Barnaheill, ADHD-samtökin, Heimili og skóla, Olnbogabörn, Sjónarhól, Foreldraráð Hafnarfjarðar, Umboðsmann barna, Unicef, Umhyggju og Þroskahjál. SAMFOK hafði forgöngu um stofnun þessa hóps á árinu 2015. Hópurinn kom saman þrisvar sinnum árið 2017. Haustið 2017 sendi framkvæmdastjóri SAMFOK spurningalista til allra stjórnmalaflokka sem buðu fram til Alþingis í kosningum þann 28. október 2017, f.h. þrýstihópsins um bættu þjónustu við börn með geðrænan vanda, fötlun eða aðra sérstöðu. Að mati hópsins skortir verulega á að þjónusta við ofangreindan hóp barna uppfylli mannréttindaákvæði og lagaskyldu. Með þessu móti vildi þrýstihópurinn vekja athygli stjórnmalaflokkanna á ábyrgð þeirra á málefnum og mikilvægi þess að verulega verði bætt úr á næsta kjörtímabili. Þessi erindi og svör stjórnmalaflokkanna má nálgast á heimasíðu SAMFOK.

Í október kynnti Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs, fyrir stjórn SAMFOK og þrýstihópnum tillögur og fyrirhugaðar aðgerðir Reykjavíkurborgar varðandi bættu þjónustu fyrir börn. Það var mjög góður og upplýsandi fundur, en talsvert miklar breytingar eru fyrirhugaðar hjá Reykjavíkurborg m.t.t. stoðþjónustu grunnskólanna og skólapijónustu velferðarsviðs.

Hvað er foreldrafélag? Með enskum texta.



© Freyja Filmwork



© Freyja Filmwork

4.3. MYNDBANDAGERÐ – LÖGBUNDIN FÉLÖG OG RÁÐ Í GRUNNSKÓLA

Á árinu 2017 lauk SAMFOK við þriðja og síðasta myndbandið í trilogíunni um lögbundin félög og ráð í grunnskólum. Myndbandið um foreldrafélög var unnið af Freyju Filmworks í samstarfi við Heimili og skóla með stuðningi Reykjavíkurborgar og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Myndbandið um skólaráð og nemendafélög voru hins vegar gerð í samvinnu við Umboðsmann barna. Búið er að texta foreldrafélagsmyndbandið á ensku, pólsku, litháísku, filippseysku, spænsku, víetnömsku og rússnesku.

Myndböndin eru hugsuð fyrir aðila skólasamfélagsins og alla aðra sem koma að starfi og rekstri grunnskólanna. Um er að ræða hreyfimyndir sem fræða áhorfandann um helstu hlutverk og ábyrgð þeirra sem sitja í skólaráðum og stjórnnum nemendafélaga. Við gerð myndbandanna var litið til þeirra ákvæða grunnskólalaga sem gilda um nemendafélög, laga og reglugerðar um skólaráð og síðast en ekki síst Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna.

4.4. ALLIR MEÐ – TÖLUM SAMAN UM SKÓLAMENNINGU Á ÍSLANDI.

ALLIR MEÐ

tölum saman um skólamenningu á Íslandi

ທຸກໆຄົນເສັ້ນວານນີ້ມາພົບກັນທີ່ການສຶກສາ-ໂປຣແກຼມ
Danah cho tat ca WSZYSCY RAZEM
ALLIR MEÐ
VIS KARTUSAMA-SAMA TAYO
ALLIR MEÐ
COME ALONG TOGETHER
WSZYSCY RAZEM
جميع مع
ALLIR MEÐ TODOS JUNTOS

SPÆNSKUmælandi foreldrar	lau. 4. nóv.	kí. 11:15 - 13:45	Hólabrékkuskúli
PÓLSKUmælandi foreldrar	lau. 18. nóv.	kí. 9:30 - 12:00	Fellaskóli
LITHÍASKUumælandi foreldrar	lau. 20. jan.	kí. 12:30 - 15:00	Fellaskóli
FILÍPPEYSKUumælandi foreldrar	lau. 27. jan.	kí. 12:00 - 14:30	Hólabrékkuskúli
VÍETNAMSKUMælandi foreldrar	sun. 11. feb.	kí. 13:15 - 15:45	Afhöskóli - Hjalli
RÚSSNESKUumælandi foreldrar	lau. 24. feb.	kí. 14:00 - 16:30	Bókasafn Köpavogs
TELENSKUMælandi foreldrar	sun. 4. mars	kí. 13:15 - 15:45	Afhöskóli - Hjalli
PORTUGÓGÖL KUumælandi	lau. 17. mars	kí. 11:15 - 13:45	Hólabrékkuskúli
ENSKUmælandi foreldrar	lau. 14. apríl	kí. 13:00 - 15:30	Hálhelgistaður
ARABISKUmælandi foreldrar	lau. 21. apríl	kí. 15:00 - 17:30	Skógarhlíð 20

DAGSKRÁ

► **ERINDI Á íslensku – TÜLKUD** 60 mínútur

VID, BÖRNIN OKKAR OG SKÓLINN – ahugi, ábyrgð og áhrif
Birgitta Bára Hassentein, Sigrún Björk Einarssdóttir SAMFOK / Bryndís Jónsdóttir Heimil og skóli
SAMSTARF FORELDRA OG SKÓLA UM NÁMID VELDINGU BARNNA
Emilia Myriska, Kataryna Jólanita Kruciuc, Donata Honkowicz Bukowska
kennturálfagjafir Breiðholt, Laugarnes og Köpavogur

MÓÐURMAL BARNNA – virkt fjölgengi
Renata Emiliison Peskova, Kriselle Lou Susan Jónsdóttir Móðurmal, Samtök um tithyngi
BÖRN, FRITÍMINN OG FRISTUNDIR
Dagbjörg Áspýrdóttir, vefverkefni skóla- og frístundeslívið, Bjarni Þórþorsson forstöðumaður Tian

► **MATUR** – hið — BRUGBÉDI Á LEIK 45 mínútur
Ólafur Guðmundsson leiklistarkennari / María Reynald leiðari og leikstjórn

► **UMRÆÐUR OG SPURNINGAR** 45 mínútur

Barnahorn / Nánni upplýsingar & [www.samfoek.is](#) og [samfoek@samfoek.is](#) / Ökeypsi aðgangur

Samfélagið samfélagsmenn til barnanna

Mótunarskipti milli annarra landskjalla

Samráðið kvenna og vinnaheila útlendinga

Heimil og skóli

Velferðaráðgjafi Reykjavíkur
Ministry of Welfare

Reykjavíkurborg

Köpavogið borg

allir velkomnir

Árið 2017 hófs verkefni sem lengi hefur verið í undirbúningi hjá SAMFOK, málþingaröð um skólamál, fyrir foreldra af erlendum uppruna. SAMFOK taldi brýnt að koma á nánú samstarfi við öflug félög innflytjenda á Íslandi, eins og Móðurmál - félag um tvítýngi og W.O.M.E.N. – samtök kvenna af erlendum uppruna. Stofnaður var formlegur undirbúningshópur í nóvember 2015. SAMFOK varð að fresta verkefninu vegna anna á árinu 2016. En góðir hlutir gerast hægt.

Málþingin áttu að vera eins uppbyggd, 4 stutt erindi um það sem einkennir helst skóla- og frístundastarf á Íslandi, samstarf foreldra og skóla og fjöltyngi barna. Síðan tækju við fyrirspurnir, umræðuhópar, leikir og boðið yrði upp á veitingar og barnapössun.

Myndað var 2-3 manna teymi um hvert erindi. SAMFOK og Heimili og skóli báru ábyrgð á erindinu “Við, BÖRNIN OKKAR OG SKÓLINN – áhugi, ábyrgð og áhrif“. Emilia Mlynska, kennsluráðgjafi barna af erlendum uppruna á Þjónustumiðstöð Breiðholts, og Donata Honkowicz-Bukowska, ráðgjafi í málefnum nemenda af erlendum uppruna í Kópavogu, báru saman ábyrgð á erindinu um “SAMSTARF FORELDRA OG SKÓLA UM NÁMIÐ OG VELFERÐ BARNNA – íslenska sem annað mál“. Renata Peskova og Kriselle Lou Souson Jónsson frá Móðurmál báru ábyrgð á erindinu “Móðurmál barna – virkt fjöltyngi“.

Dagbjört Ásbjörnsdóttir verkefnistjóri fjölmenningar á skóla- og frístundasviði og Bjarni Þórðarson, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Tíunnar í Árbæ báru ábyrgð á erindinu “Börn, frístundir og frítíminn”. Ólafur Guðmundsson leikari og María Reyndal leikstjóri fengin til samstarf til að koma inn með leiki til að hrista og tengja hópinn saman eftir erindin og undirbúa fyrir hópastarfið.

SAMFOK lagði áherslu á að gera fallett kynningarefni fyrir hvert málþing til að styðja við verkefnið. Á fundi með stjórn Móðurmáls var ákveðið að SAMFOK myndi halda málþingin þar sem kennsla móðurmálshópanna innan Móðurmáls fer fram hverju sinni, SAMFOK kæmi þannig til foreldra á meðan börn þeirra væru í móðurmálskennslu. Í samráði við fulltrúa einstakra móðurmálshópa var m.a. ákveðið var að málþingin yrðu alls tíu í stað sex, fókus á eitt tungumál í einu. SAMFOK myndi eiga samstarf við hvern hóp um hvert málþing, framlag hópanna misjafnt eftir aðstæðum.

Það var mikilvægt fyrir SAMFOK að geta mótað hvert málþing í samstarfi við einstaka hópa og leitast við að viðurkenna ólíkt framlag hvers og eins hóps.



Undirbúningsfundur ALLIR MEÐ þann 27. september

Tvö málþing voru haldin haustið 2017 fyrir spænskumælandi og pólskumælandi foreldra. Eftir spænska málþingið var ákveðið að fara þá leið að finna einstaklinga sem gætu flutt erindin á viðeigandi tungumáli. Og á pólska málþinginu voru þannig 3 erindi af 4 flutt á pólsku sem gafst mjög vel. Foreldrar voru duglegir að taka þátt í umræðuhópum.

Eftir tvö fyrstu málþingin var strax mikill samhljómur meðal foreldra sem töldu að brýnast væri að efla íslenskukennslu fyrir börnin sín í skólunum og síðan að styðja við móðurmálskennslu. Á heimasíðu SAMFOK má nálgast upptökur frá málþingunum, glærurnar og myndband um foreldrafélög á helstu tungumálunum. <http://samfok.is/verkefni-samfok/allir-med-2>

Leiðarljós SAMFOK í þessari vinnu var að efla foreldra af erlendum uppruna sem skólaforeldra, einstaka hópa sem komu að samstarfinu og einnig SAMFOK sem málsvara allra grunnskólaforeldra. Niðurstöður málþinganna verða teknar saman, kynntar, birtar og komið á framfæri við stjórnvöld.

4.5. HEIMASÍÐA



Þann 1. nóvember kom að því að ný heimasíða SAMFOK var opnuð, án þess þó að vera alveg tilbúin. Enn á eftir endurskoða nokkra hluta hennar, uppfæra efni og setja inn eldra efni. Mikil ánægja var með að það hefði tekist að opna síðuna áður en málþingaröð SAMFOK og Móðurmáls - ALLIR MEÐ, tölum saman um skólamenningu - hófst í nóvember. Unnið er að því að koma upp góðri heimasíðu með gagnast bæði sem upplýsingaveita til grunnskólaforeldra og gagnageymsla fyrir SAMFOK.

4.6. ERINDI, UMSAGNIR OG ÁSKORANIR - ÁLYKTANIR 2017

Í janúar 2017 barst SAMFOK svar við erindi frá Menntamálaráðuneytinu þar sem fram kom að skólum sé einungis skylt að nota einkunnir A-D við lok grunnskólans. Í svari ráðuneytisins kom einnig fram að menntamálastofnun hafi verið falið að vinna matsviðmið fyrir 4. og 7. bekk með sambærilegum hætti og eru í aðalnámskrá fyrir 10. bekk.

Í mars sendi fulltrúaráð Heimilis og skóla sendi sér áskorun til menntamálaráðuneytisins varðandi samræmd próf

Í apríl skilaði formaður SAMFOK ásamt tveimur öðrum fulltrúum Heimilis og skóla ítarlegri greinargerð skv. beiðni menntamálaráðuneytisins sem hafði eftir óskað eftir greinargerð frá fulltrúum foreldra vegna breytinga sem nýverið hafa verið gerðar á menntakerfinu, svo sem reglugerð um samræmd könnunarpróf, innritun í framhaldsskóla og kafla aðalnámskrár sem lýtur að útskrift nemenda áður en 10 ára skyldunámi lýkur. Einnig var óskað eftir athugasemdum varðandi framkvæmd rafrænna samræmdra könnunarprófa.

Í lok maí sendi SAMFOK erindi til menntamálaráðuneytis þess efnis að ráðuneytið myndi leiðrétta nýlega reglugerð um fyrirlögn og framkvæmd. SAMFOK barst ekki svar við þessu erindi og leitaði síðar til Umboðsmanns Alþingis sem hefur ítrekað erindi samtakanna. Vænst er niðurstöðu fljótlega.

4.7. STEFNUMÓTUN SAMFOK OG FRAMTÍÐARSÝN – UMBÓTASTARF



Frá stefnumótunarhelgi SAMFOK 28. október 2018

Í lok október var haldin stefnumótunarhelgi SAMFOK með gleðina að leiðarljósi. Í tilefni af 35 ára afmæli SAMFOK á næsta ári ákveð stjórn SAMFOK að hefja vinnu við að móta stefnu og framtíðarsýn SAMFOK. Við fengum til liðs við okkur Rúnu Magnúsdóttur ráðgjafa til að leiða okkur í starfinu. Þessi vinna mun halda áfram á árinu 2018 og mun komandi stjórn 2018-19 koma að því að klára þá vinnu.

Áfram verður unnið að málum sem lúta að rekstri og starfsemi SAMFOK, samstarfi svæðasamtaka og foreldrafélaga með það að markmiði að auðvelda okkur öllum verkin og að nýta tíma og fjármagn sem best. Búið er að uppfæra alla tæknihlíð samtakanna. SAMFOK kominn með mjög hagstæðan áskriftarpakka hjá Microsoft fyrir góðgerðarsamtök, þannig að nú hafa öll gögn SAMFOK verið færð í skýið hjá Microsoft.

Í tilefni 35 ára afmælis SAMFOK var ákveðið uppfæra upprunalega merki samtakanna. Nýtt merki SAMFOK er uppfærð útgáfa af uglunni með ungana sína sem myndaði fyrsta merki samtakanna.



5. SAMSTARF 2017

Samtökin eru gjarnan kölluð til þegar sjónarhorns foreldra er óskað inn í umræðu eða vinnu við tiltekin málefni, einnig er reglulega óskað eftir því samtökin veiti umsagnir um ýmis mál sem snertir skólagöngu barna. Reykjavíkurborg er stærsti samstarfsaðili SAMFOK. Samtökin taka þannig virkan þátt í stefnumótun borgarinnar í skóla- og frístunda- og velferðarmálum barna. SAMFOK fær reglulega beiðnir um að útvega fulltrúa foreldra grunnskólabarna í starfshópa á vegum Reykjavíkurborgar. Heimili og skóli leitar einnig til SAMFOK með að útvega fulltrúa í starfs-, vinnu- eða samráðshópa á vegum menntamálaráðuneytisins eða Menntamálastofnunar. Oftast er það framkvæmdastjóri eða stjórnarmenn sem taka þetta að sér, en SAMFOK leitar líka til fulltrúaráðsins og hvetur fulltrúa foreldra til að bjóða fram krafta sína. Hér er samantekt yfir samstarfsverkefni og aðila sem komu fram fyrir SAMFOK. Tekið skal fram að ekki er um tæmandi lista að ræða hvað snertir þátttöku á málþingum, ráðstefnum og fundum sem SAMFOK hefur tekið þátt í á árinu 2017.

5.1. STARFSHÓPAR REYKJAVÍKURBORGAR

Mótun menntastefnu Reykjavíkur (stýrihópur)

5 vinnufundir. Enn starfandi (Birgitta Hassenstein)

Viðmið um ábyrga notkun upplýsinga- og

samskiptatækni og skaðsemi Fundað 6 -8 sinnum.

Bryndís Jónsdóttir / Sigríður B. Einarsdóttir

Aukið vægi starfs-, list- og verknáms. Fundað 5 sinnum árið 2015. Skýrslu skilað vorið 2018.

(Birgitta Hassenstein)

Nýliðun og bætt starfsumhverfi kennara

Fundað 10-12 sinnum. Skýrslu skilað des. 2017.

(Birgitta Hassenstein)

Viðmið um samskipti kennara og foreldra

Fundað 3-4 sinnum. Viðmiðum skilað vor 2017

(Birgitta Hassenstein)

Handbók um skólaráð Fundað 6-8 sinnum.

Handbók skilað vor 2017

(Bryndís Jónsdóttir/Birgitta Hassenstein)

Börnin í borginni. Sigríður B. Einarsdóttir. Árlegur samráðsveitvangur, hittist einu sinni til tvisvar á ári.

Hvatningarverðlaun grunnskóla 2017

Valnefnd hittist einu sinni (Sólrun Aspar)

Hvatningarverðlaun frístundar 2017

Valnefnd hittist einu sinni (Sólrun Aspar)

Minningarverðlaun Arthúrs Morthens 2017

Valnefnd hittist einu sinni (Sigríður B. Einarsdóttir)

5.2. AÐRIR STARFSHÓPAR

Samanhópurinn, samráðsveitvangur um forvarnir.

Sigríður Björk Einarsdóttir. Hópurinn fundar mánaðarlega og skiptir með sér verkum.

Þrýstihópur um bætta þjónustu við börn.

Sigríður Björk Einarsdóttir frá SAMFOK hefur haldið utan um fundi hópsins. Hópurinn fundaði 3 sinnum árið 2017

5.3. ANNAÐ SAMSTARF,

ÞÁTTTAKA Í RÁÐSTEFNUM OG FUNDUM.

SAMFOK tók á móti góðum gestum á árinu m.a. skólastjórnendum frá Tékklandi. SAMFOK kynnti samstarf foreldra og skóla á Íslandi, og forvarnarstarfið, íslenska módelið. Auk þeirra verkefna og viðburða sem áður hefa verið talið upp í skýrslunni hefur SAMFOK tekið þátt í m.a. eftirtöldum verkefnum og viðburðum.

Geðheilbrigði skólabarna, hvar liggur ábyrgðin, Samband ísl. sveitarfélaga, 3. febrúar

Öskudagsráðstefna grunnskólakennara, 17. febrúar

Úttektarskýrsla Evrópumíðstöðvar um skóla án aðgreiningar, kynningar- og umræðufundur

Menntamálaráðuneytið, MRN, 2. mars

Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla, 10. mars

Samráðsfundur fulltrúar foreldra v. fyrirkomulags og framkvæmd samræmdra prófa,

Menntamálaráðuneytið, 5. apríl.

Höfuð í bleyti -Uppskeruhátíð frístundar, 12. maí.

Samráðsfundur v. fyrirkomulags og framkvæmd samræmdra prófa, Menntamálaráðuneytið, 6. júní.

Skólalæping Sambands íslenskra Sveitarfélaga, 6. nóv. 2017. Á ég að gera það.

Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla, 3. nóv.

Ráðstefna Heimilis og Skóla og Skólalæprunar, 3. nóv.

Sáttmáli um samstarf – samskipti heimili og skóla

5.4. SAMSTARFSADILAR 2017

Foreldrafélög grunnskólanna og skólaráðsfulltrúar
Móðurmál - félag tvítyngdra barna
W.O.M.E.N. - samtök kvenna af erlendum uppruna,
Reykjavíkurborg
Kópavogsbær
Samband íslenska Sveitarfélaga

Halldór Árni Sveinsson, netsamfelag.is
Heimili og skóli, landssamtök foreldra
Sjónarhóll og félagasamtökin Háaleitisbraut 1
Umboðsmaður Barna
Hreyfimyndagerðin Freyja filmworks
SAMLEIK-R., félag foreldra leikskólabarna í Reykjavík



6. ÁHEYRNARFULLTRÚÍ FORELDRA GRUNNSKÓLABARNA

6.1. Hlutverk áheyrnarfulltrúa

Lögbundin foreldrafélög og svæðasamtök foreldra í stærri sveitarfélögum um allt land tryggja að réttkjörinn áheyrnarfulltrúi foreldra sitji í skólanefndum sveitarfélaganna. Áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna í Reykjavík kemur úr stjórn SAMFOK eða framkvæmdastjórn. Það er gert til að tryggja góð tengsl áheyrnarfulltrúans við svæðasamtökin og fulltrúa foreldra í borginni. Áheyrnarfulltrúi foreldra í Reykjavík hefur í starfi sínu að leiðarljósi erindisbréf sem samþykkt hefur verið á aðalfundi SAMFOK og er aðgengilegt á heimasíðu SAMFOK. Þá er stuðst við afstöðu fulltrúaráðs í ýmsum málum og niðurstöður kannana á viðhorfum foreldra til skólastarfsins í Reykjavík.

6.2. Málfrelsi og tillöguréttur, opinber gögn.

Áheyrnarfulltrúi hefur málfrelsi og tillögurétt, hann getur því tekið þátt í umræðum skóla- og frístundaráðs, lagt fram tillögur, fyrirspurnir og bókanir en hefur ekki atkvæðisrétt á fundum ráðsins. Áheyrnarfulltrúinn getur óskað eftir því að mál verði sett á dagskrá í samráði við formann ráðsins. Trúnaður ríkir um umræður ráðsins, en öll gögn sem lögð eru fram á fundum skv. fundargerð eru opinber gögn. Áheyrnarfulltrúi leitast við að veita skóla- og frístundaráði aðhald og koma sjónarmiðum foreldra á framfæri en jafnframt að hrósa fyrir það sem vel er gert. Á heimasíðu SAMFOK verður hægt að nálgast samantekt yfir bókanir, tillögur og fyrirspurnir sem áheyrnarfulltrúi hefur lagt fram á árinu 2017. Leitast er við að skýra einnig frá afgreiðslu málsins, vísa í svör sviðsins, bókanir og breytingartillögur skóla- og frístundaráðs.

ÞAKKIR

Bryndís Jónsdóttir fyrrum framkvæmdastjóri SAMFOK lét af af störfum í janúar eftir 7 ára starf hjá SAMFOK. Hún starfaði áður sem fulltrúi hjá Bandalagi háskólamanna, upplýsingarfulltrúi hjá Námsgagnastofnun, grunnskóla-kennari, dagskrágerðarmaður og blaðamaður. Bryndís tók við starfinu af Guðrúnu Valdimarsdóttur í byrjun árs 2010. Bryndís er **SAMFOK** í augum okkar grunnskólaforeldra sem sátum í fulltrúaráði SAMFOK á þessum árum. Hún hefur verið ómetanlegur stuðningur fyrir stjórn og fulltrúaráð SAMFOK og alla þá foreldra sem hafa leitað til SAMFOK í gegnum árin. Hún hefur verið óþreytandi, ljáð foreldrum eyra í erfiðum málum og verið einstaklega lausnamiðuð í nálgun sinni. Í starfi sínu sem framkvæmdastjóri SAMFOK hefur Bryndís, ásamt stjórn SAMFOK, tekið virkan þátt í stefnumótunarvinnu Reykjavíkurborgar, veitt umsagnir, setið í ótal starfshópum. Bryndís var auk þess áheyrnarfulltrúi grunnskólaforeldra í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur um 5 ára skeið. Bryndís hefur sinnt þessum störfum sínum af einstakri samviskusemi og ávallt með hjartað á réttum stað, hvað er barninu fyrir bestu. Hún hefur stöðugt minnt okkur á það að lykillinn að góðu skólasamfélagi er góð samvinna allra aðila innan skólans. Samtakamáttur foreldra og að við tölum vel um námið og skóla barnsins, sýnum náminu áhuga er ein besta forvörnin og stuðlar að bættri líðan og betri námsárangri ekki bara okkar barns, heldur heildarinnar.

Bryndís hóf störf á miklum umbrotatímum sem einkenndust af gríðarlega miklum niðurskurði fjármagns til skólamála, sameiningu skóla, stofnunar skóla- og frístundasviðs og kjarabaráttu kennara við sveitarfélögin. Á sama tíma var verið að vinna með ný grunnskólalög sem tóku gildi 2008 sem höfðu í för með sér aukna ábyrgð og aðkomu foreldra og nemenda í skólastarfi, síðan kom ný aðalnámskrá 2011 með nýja sýn á menntun, nám og kennslu og hvernig við metum nám nemenda. Nú er Bryndís farin til starfa hjá landssamtökum foreldra, Heimili og skóla þar sem kraftar hennar munu nýtast vel, reynsla og þekking. Við þökkum henni fyrir vel unnin störf í þágu grunnskólaforeldra í Reykjavík og óskum henni góðs gengis á nýjum vinnustað. Við starfi Bryndísar tekur við Sigríður Björk Einarsdóttir (Sirrý). Hún er með BA og MA gráður í bókasafns- og upplýsingafræði, hún hefur verið í doktorsnámi og starfað jafnframt sem aðjúnk við Háskóla Íslandi. Sirrý hefur um langt skeið verið mjög virk í félagsstarfi í tengslum við menntun og velferð barna.



LOKAORÐ

Birgitta Bára Hassenstein, formaður SAMFOK

SAMFOK fagna 35 ára afmæli í ár, 2018. Af þessu tilefni var ákveðið að koma samtökunum inn í 21. öldina. Hefja stefnumótun til lengri tíma, endurskoða merki samtakanna, opna nýja heimasíðu, koma samtökunum í skýjin og á "einn kubb" á afmælisárinu. Skila eldri gögnum til þjóðskjalasafn eins og lög gera ráð fyrir. Jafnframt var ákveðið að ljúka verkefninu ALLIR MEÐ – tölum saman um skólamál á Íslandi, málþingaröð fyrir foreldra af erlendum uppruna, fyrir vorið 2018.

Rekstur samtakanna árið 2017 var um margt frábrugðinn fyrri árum. Í byrjun árs var nýr framkvæmdastjóri SAMFOK var ráðinn, en í minna starfshlutfalli en áður. Ráðning sérstaks verkefnastjóra málþingaraðarinnar "Allir með – tölum saman um skólamenningu á Íslandi" gekk ekki eftir og umsjón verkefnisins var unnin í sjálfboðavinnu. Launakostnaður var því lægri, en gjöld talsvert hærri en áður sem skýrist af aðkeyptri ráðgjöf og þjónustu eins og þýðingar, túlkun og grafísk hönnun. Frá stofnun SAMFOK hafa fræðslufirvöld í Reykjavík sýnt samtökunum mikið traust, m.a. með gerð styrktar- og samstarfsamninga. Samstarfssamningur við Reykjavíkurborg er nýendurnýjaður og gildir til ársloka 2020. Framkvæmdastjóri SAMFOK er kominn í fullt starf og gefur þessi nýja staða samtökunum kost á að horfa til næstu ára og byggja upp markvisst samstarf, stuðning og fræðslu fyrir foreldra og skólasamfélagin, að foreldrar eigi hlutdeild í námi barna sinna og mótun bekkjar- og skólabrags.

Á fyrstu árum SAMFOK var unnið að mörgum framfaramálum eins og einsetningu grunnskólans, átaki gegn unglingadrykkju, forvarnarmálum, frístundum barna og að boðið væri upp á skólamáltíðir. Samfélagið er háð sífelldum breytingum og það er áskorun fyrir okkur öll að aðlagast þessum breytingum. Það er mikilvægt að sem fjölbreyttastur hópur taki virkan þátt í skólasamfélaginu þannig að skólinn taki mið af því sem foreldrum finnst mikilvægt. Við þurfum að hjálpast að og búa til samfélag í kringum börnin okkar, bekkinn og skólann og samfélagið sem allir tilheyra og geta haft áhrif á. SAMFOK vill vera öflugur málsvari grunnskólaforeldra og þess vegna er það mikilvægt fyrir okkur að heyra í sem fjölbreyttastum hópi foreldra. Á þessum tímamótum erum við gríðarleg þakklát fyrir það viðtæka samstarf sem tókst að koma á í kringum málþingaröð SAMFOK fyrir foreldra af erlendum uppruna. Við hefðum aldrei getað þetta án samtaða eins og MÓÐURMÁLS, og móðurmálshópanna þeirra og stuðnings W.O.M.E.N. samtaða kvenna af erlendum uppruna. Ein stærsta áskorun skólasamfélagsins í dag er án vafa að mæta þörfum barna af erlendum uppruna og foreldrum þeirra. Og samkvæmt fyrstu niðurstöðum málþinga SAMFOK þá er mikill samhljómur meðal foreldra, þeim finnst númer eitt að það verði að efla íslenskukennslu sem annað mál og síðan að styðja við móðurmálskennsluna. Nýlega hefur verið heildstæð stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda verið samþykkt í borgarstjórn og móttökuáætlanir S.F.S. og skólanna eru væntanlega í stöðugri endurskoðun. Við skorum við á fræðslufirvöld að setja þetta mál í forgang – íslenskan er lykillinn að samfélaginu.

Lög SAMFOK, samtaka foreldra grunnskólabarna í Reykjavík.

1. gr. Heiti félagsins og varnarþing

Félagið heitir SAMFOK, samtök foreldra grunnskólabarna í Reykjavík. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr. Tilgangur

Tilgangur samtakanna er:

- a) að standa vörð um réttindi barna til menntunar og þroska.
- b) að beita sér fyrir auknum áhrifum foreldra á skólastarf.
- c) að vera sameiginlegur málsvari foreldra gagnvart stjórnvöldum.
- d) að efla samstarf aðildarfélaganna og annast sameiginleg verkefni.

Unnið skal að tilgangi samtakanna meðal annars með því:

- a) að fylgjast með framkvæmd grunnskólalaga og aðalnámskrár og beita sér fyrir umbótum í skólastarfi.
- b) að afla reglulega upplýsinga um starf foreldrafélaga og fulltrúa foreldra í skólaráði og miðla þeim.
- c) að stuðla að opinberri umræðu um skóla- og uppeldismál, m.a. með ársþingum, félagafundum, málþingum, ráðstefnum, greinaskrifum og myndun starfshópa.
- d) að starfa með öðrum samtökum og félögum sem sinna málefnum barna og foreldra.

3. gr. Félagsaðilar og félagsgjöld

Rétt til aðildar að SAMFOK eiga foreldrafélög í grunnskólum Reykjavíkur og í gegnum þau allir foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík. Foreldrafélögin greiða árgjald sem ákveðið er á aðalfundi og er miðað við eitt árgjald á hvern skóla.

4. gr. Fulltrúaráð

Fundur skal haldinn samkvæmt ákvörðun stjórnar eða að kröfu tíunda hluta fulltrúaráðsmanna. Formenn foreldrafélaga grunnskóla Reykjavíkur og fulltrúar foreldra í skólaráði skipa fulltrúaráð SAMFOK. Þeim er heimilt að senda varamann úr stjórn foreldrafélags eða skólaráði í sinn stað. Fulltrúaráðið kemur saman a.m.k. tvisvar á ári og oftast ef þurfa þykir. Fulltrúaráðsfundur að vori er jafnframt aðalfundur SAMFOK.

Hver fulltrúaráðsmaður á rétt á að fá ákveðið mál tekið til meðferðar á fulltrúaráðsfundi ef hann gerir skriflega kröfu um það til stjórnar a.m.k. fjórum dögum fyrir boðaðan fulltrúaráðsfund. Meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á fulltrúaráðsfundum nema annað sé ákveðið í samþykktum þessum.

5. gr. Aðalfundur SAMFOK

Aðalfundur SAMFOK skal haldinn fyrir 1. júní ár hvert. Til aðalfundar skal stjórnin boða með sannanlegum hætti með minnst 8 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Á dagskrá aðalfundar skal m.a. vera:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Skýrsla áheyrnarfulltrúa foreldra í Skóla- og frístundaráði Reykjavíkur.
3. Skýrslur nefnda.
4. Reikningar lagðir fram.
5. Árgjald ákveðið.
6. Lagabreytingar.
7. Kosning formanns og annarra stjórnarmanna.
8. Kosning skoðunarmanna reikninga.
9. Önnur mál.

Allir foreldrar grunnskólabarna í Reykjavík eiga rétt á setu á aðalfundi með málfrlsi og tillögurétti. Vægi atkvæða er eitt frá hverju foreldrafélagi og eitt frá hverju skólaráði. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála, sbr. þó 8. grein.

6. gr. Stjórn

Stjórn SAMFOKs skal skipuð fimm foreldrum grunnskólabarna í Reykjavík. Stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn, tveir stjórnarmenn annað árið og tveir hitt. Að auki skal kjósa tvo varamenn til eins árs í senn. Formaður er kosinn á aðalfundi en að öðru leyti skiptir stjórn með sér verkum og velur a.m.k. varaformann og gjaldkera. Kjörtímabil er tvö ár. Hver stjórnarmaður getur að hámarki setið tvö kjörtímabil samfleytt í stjórninni. Hver formaður getur að hámarki starfað tvö kjörtímabil samfleytt.

Stjórn félagsins getur ráðið framkvæmdastjóra til að sinna daglegum rekstri félagsins í umboði stjórnar. Stjórnin skal gera skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem m.a. er kveðið á um ábyrgð, helstu verkefni og starfsskyldur og umboð hans til meðferðar á málefnum SAMFOK í nafni stjórnarinnar. Samþykki stjórnarfundar þarf fyrir öllum meiriháttar skuldbindingum og eignabreytingum.

Stjórn félagsins tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Ef framkvæmdastjóri er ráðinn skal hann sjá til þess að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti.

Stjórn félagsins skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum og er undirskrift formanns nægileg til þess. Ef framkvæmdastjóri er ráðinn getur hann komið fram út á við fyrir hönd félagsins og skuldbundið það í málum sem eru innan verksviðs hans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar.

Stjórnarfundur er ályktunarfær ef meirihluti stjórnarmanna sækja fund. Afl atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum. Nú eru atkvæði jöfn og ræður þá atkvæði formanns (varaformanns) úrslitum. Gerðir stjórnarinnar skulu bókfærðar.

7. gr. Fulltrúi foreldra í skóla- og frístundaráði Reykjavíkur

Stjórn SAMFOK skipar fulltrúa foreldra til setu í Skóla- og frístundaráði Reykjavíkur til tveggja ára í senn og einn til vara. Fulltrúinn skal koma úr hópi stjórnarmanna eða framkvæmdastjórn félagsins. Fulltrúi foreldra starfar eftir erindisbréfi sem samþykkt er á aðalfundi.

8. gr. Nefndir og starfshópar

Aðalfundur, fulltrúaráð og stjórn geta skipað nefndir eða starfshópa til að vinna að undirbúningi og framkvæmd tiltekinna verkefna eða öðrum sérstökum málum sem upp kunna að koma.

9. gr. Reikningar félagsins og reikningsár

Reikningar skulu áritaðir af skoðunarmönnum samtakanna. Reikningsár félagsins er frá 1. janúar til 31. desember.

10. gr. Breytingar á samþykktum og félagsslit

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi með samþykki 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna, enda hafi tillögur um lagabreytingar verið kynntar í fundarboði. Breytingatillögur skulu berast stjórn SAMFOK a.m.k. þremur vikum fyrir aðalfund.

Ákvörðun um slit félagsins verður einungis tekin á aðalfundi eða auka aðalfundi og þarf samþykki tveggja þriðju hluta fundarmanna. Sé ákveðið að slíta félaginu skal jafnframt tekin ákvörðun um hvert eignir félagsins renna, ef einhverjar verða.

Samþykkt á aðalfundi SAMFOK þann 9. maí 2016



SAMFOK

35 ára

1983 - 2018